



Landssamband æskulýðsfélaga

3. fundur framkvæmdastjórnar 2009 – 2010

Haldin í Austurbæjarbíói

20. júlí 2009

Mættir: Unnur Hjálmsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE), Auður Geirsdóttir (AuG) og Raket Brynjólfssdóttir. Auk þess sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri. Forföll boðaði Arnþór Gíslason (AG).

Fundur settur: 17:00

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Ákveðið að fresta þessum lið til næsta fundar.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að boð hefði komið frá YFJ um fund með framkvæmdstjórum aðildarfélaga YFJ í október n.k. sem verður haldin samhliða upplýsingadögum um fjáröflungarmöguleika innan Evrópusambandsins. Engar frekar upplýsingar voru komnar um fundinn en HTF lýsti yfir áhuga á að sækja fundinn.

HTF sagði einnig frá því að æskulýðsfélag finnskumælandi Svíja væri væntanlegt í heimsókn til Íslands í lok ágúst. Þau hafa óskað eftir því að eiga fund með stjórn LÆF þann 28. ágúst kl. 20:00. HTF mun halda áfram að vera í sambandi við þau og upplýsa stjórn um gang mála.

3. Menningarnótt

HTF sagði frá því að umsókn okkar um að hafa viðburð á menningarnótt hefði verið samþykkt. Raket tók að sér að skoða hvar við hefðum fengið úthlutað stað og skoða innskráningu á vef menningarnætur. UH tók að sér að skrifa staðlað bréf til aðildarfélaga og skipta aðildarfélögum milli stjórnarmanna til að hafa samband við þau vegna atburðarins.

4. Alþjóðamál

HTF sagði frá því að boð hefði borist um að taka þátt í ungmennaráðstefnu vegna 60 ára afmælis Evrópuráðsins. Umsóknarfresturinn var svo gott sem liðinn. Ákveðið að senda engann að þessu sinni.

AuG sagði frá ferð sinni og AG til Brussel á ráðstefnu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um heilsu ungs fólks. Margt var rætt á ráðstefnunni meðal annars um hvernig kreppan hefði áhrif á heilsu ungs fólks. AuG sagði þau hafa verið ánægð með ferðina og skýslunnar væri að vænta innan tíðar.

SSE sagði frá því að hann myndi sækja svokallaðan Kick – Off meeting hjá YFJ í september vegna atvinnumálaverkefnis sem við tókum þátt í.

5. Æskulýðsráð

SSE sagði frá síðasta fundi í Æskulýðsráði. Nýr formaður hefur tekið við í ráðinu og er mun meira um að vera í ráðinu núna en áður. SSE mun vinna að því að skrifa bókun fyrir Æskulýðsráð um nauðsyn þess að skera ekki niður til æskulýðsmála á krepputímum. Auk þess er hugmynd hjá Æskulýðsráði að hefja vinnu við æskulýðsstefnu (youth policy) fyrir Ísland. Þar sem hugmyndir um æskulýðsstefnu hafa verið í umræðu hjá LÆF var ákveðið að HTF gengi í það að finna æskulýðsstefnur Norðulandanna og rannsóknir um þátttöku ungs fólks í samfélaginu sem hafa verið virkir þátttakendur í æskulýðsstarfi.

6. Bréf sem hafa borist og þarfnast afgreiðslu

Skýrsla frá Margrét Ingu Guðmundssdóttur sem fór á námskeið hjá YFJ á vegum LÆF í júní s.l. hafði borist og er til í möppu á skrifstofu félagsins til aflestrar.

7. Fundartími stjórnar

Ákveðið að stefna að því að halda næsta stjórnarfund þann 6. ágúst kl. 17:00.

8. Önnur mál

- a) UH lagði til að vinnudagur stjórnar yrði haldinn laugardaginn 29. ágúst n.k. og það samþykkt.
- b) SSE bað þá sem gætu að halda áfram að leggja inn gott orð um starfsemi Austurbæjar hvar sem tækifæri gæfist til og lobbíera fyrir starfsemi þess.
- c) UH spurði um hvort eitthvað hefði gerst í að hanna hugmyndir að nýju lógó fyrir LÆF. Ekkert hefur gerst enn en von um að geta rætt hugmyndir á vinnudegi þann 29. ágúst.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 18:13.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri.